

14. gr.

Ofangreinda skipulagsskrá sjálfseignarstofnunar um Hússtjórnarskólann á Hallormsstað staðfesta eftirtaldir (skv. 1. gr.) f.h. þar greindra stofnana og samtaka.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá Hússtjórnarskólans á Hallormsstað og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. desember 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

um breytingu á gjaldskrá nr. 353/1994 vegna mats á umhverfisáhrifum.

1. gr.

Í stað orðanna „embætti skipulagsstjóra ríkisins“ í 1. mgr. 1. gr. kemur: Skipulagsstofnun.

2. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Gjaldið skal vera kr. 3.935 fyrir hverja klukkustund hvers sérfræðings.

Til viðbótar kemur útlagður kostnaður Skipulagsstofnunar vegna málsins s.s. ferða-kostnaður, auglýsingakostnaður o.þ.h. skv. viðurkenndum reglum þar sem það á við en annars skv. framlögðum reikningum.

3. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Heimilt er Skipulagsstofnun að krefjast fyrirframgreiðslu allt að kr. 150.000 vegna hvorrar athugunar sbr. 1. gr. Gjaldið kemur í slíkum tilvikum því aðeins til endurgreiðslu að svo miklu leyti sem kostnaður Skipulagsstofnunar af verkinu er minni en sem því nemur.

4. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Áður en Skipulagsstofnun hefur málsmeðferð skv. 9.-12. gr. eða 13.-18. gr. reglugerðar nr. 179/1994 skal það semja sundurliðaða áætlun um kostnað þess af málsmeðferð og senda framkvæmdaraðila.

Eftir að úrskurður hefur gengið skv. 12. eða 18. gr. reglugerðar nr. 179/1994 skal Skipulagsstofnun gera upp heildarkostnað við verkið, sundurliða hann og senda til framkvæmdaraðila. Rökstyðja skal þau frávik frá upphaflegri áætlun sem leiða til hækkunar.

5. gr.

Í stað orðanna „embætti skipulagsstjóra ríkisins“ í 6. gr. kemur: Skipulagsstofnun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, Rafhareitur, Hringbraut 4.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. desember 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin varðar landnotkun á Rafhareit, lóðin Hringbraut 4 breytist frá því að vera lóð fyrir þjónustu í lóð fyrir íbúðir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 21. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, Staðarberg 6.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. desember 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Landnotkun lóðarinnar Staðarberg 6 breytist úr íbúðarhúsalóð í lóð fyrir opinbera stofnun. Jafnframt stækkar lóðin lítillega.

Uppdrátturinn hefur hlotið á meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 21. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.